

Nd. 255. Frumvarp til laga [166. mál]

um breytingu á lögum um íslenskan ríkisborgararétt, nr. 100 23. desember 1952.

(Lagt fyrir Alþingi á 104. löggjafarþingi 1981.)

1. gr.

1. gr. 1. málsg. orðist þannig:

Barn öðlast íslenskt ríkisfang við fæðingu

1. ef það er skilgetið og faðir þess eða móðir er íslenskur ríkisborgari,
2. ef það er óskilgetið og móðir þess er íslenskur ríkisborgari.

2. gr.

Inn í lögina bætist ný grein, 2. gr. a, svohljóðandi:

Erlent barn sem með leyfi íslenskra stjórnvalda hefur verið ættleitt af hjónum, sem bæði eru íslenskir ríkisborgarar, eða af einstaklingi, sem er íslenskur ríkisborgari, og sem ásamt ættleiðendum (ættleiðanda) á lögheimili hér á landi, öðlast íslenskt ríkisfang ef ættleiðendur (ættleiðandi) tilkynna dómsmálaráðuneytinu skriflega þá ósk sína, áður en barnið nær 7 ára aldri. Öflun ríkisfangs samkvæmt þessari grein fær gildi er staðfesting á því er gefin út.

3. gr.

3. grein 1. málsg. orðist þannig:

Útlendingur, sem átt hefur lögheimili hér á landi samfleytt frá því að hann náði 16 ára aldri og að auki hefur búið hér áður eigi skemur en 5 ár samanlagt, öðlast íslenskt ríkisfang með því að tilkynna dómsmálaráðuneytinu skriflega þá ósk sína, eftir að hann hefur náð 21 árs aldri, en innan fullnaðs 23 ára aldurs. Eigi hann hvernig ríkisfang eða sanni, að hann muni missa erlends ríkisfangs síns er hann öðlast íslenskt ríkisfang, getur hann gefið yfirlýsingu þessa, þegar hann er fullra 18 ára, enda hafi hann, þegar yfirlýsingin er gefin, átt lögheimili hér á landi síðustu 5 árin og að auki búið hér áður eigi skemur en 5 ár samanlagt.

4. gr.

5. grein orðist þannig:

Fái einhver ríkisfang, samkvæmt 3. og 4. gr., og öðlast þá jafnframt skilgetin ógift börn hans undir 18 ára aldri, sem búsett eru hér á landi, ríkisfangið. Þetta nær þó eigi til barna, sem eftir hjúskaparslit foreldranna eða skilnað þeirra að borði og sæng eru falin forráðum hins foreldrisins.

Ákvæði 1. málslíðs 1. málsgreinar gildir með sama hætti um samband óskilgetins barns og móður þess, nema faðir þess sé útlendingur og hann hafi forráð barnsins.

5. gr.

7. grein 4. tölul. fellur niður.

6. gr.

8. grein 2. málsg. orðist þannig:

Nú missir einhver íslensks ríkisfangs samkvæmt þessari grein, og missa þá einnig börn hans íslensks ríkisfangs, sem þau hafa öðlast á grundvelli ríkisfangs hans, nema þau við það verði ríkisfangslaus.

7. gr.

Á eftir 1. málsg. 9. grein kemur ný málsg., svohljóðandi:

Eigi verður þeim neitað um að verða leystur undan þegnskyldu, sem er erlendur ríkisborgari og á lögheimili erlendis.

8. gr.

Inn í lögina bætist ný grein, 9. grein a, svohljóðandi:

Ákveða má með samningi við önnur ríki, að ákvæði 2. og 3. málsgreinar komi til framkvæmda. Orðið samningsríki í þessari grein á við það eða þau ríki, sem slíkur samningur er gerður við.

Íslenskur ríkisborgari, sem við fæðingu hefur einnig orðið ríkisborgari í samningsríki, missir íslensks ríkisfangs er hann nær aldursmarki, sem ákveðið er í samningnum, og má ekki vera lægra en 19 ár og ekki herra en 22 ár, hafi hann síðustu 5 árin átt lögheimili í því samningsríki.

Missi einhver ríkisfangs samkvæmt 2. málsgrein missa einnig börn hans ríkisfangsins, ef þau leiða það af ríkisfangi hans, nema þau verði við það ríkisfangslaus.

Sá sem misst hefur íslensks ríkisfangs samkvæmt þessari grein og hefur æ síðan verið ríkisborgari í samningsríki, öðlast ríkisfang að nýju, ef hann tilkynnir dómismálaráðuneytinu skriflega þá ósk sína, enda hafi hann þá fengið að nýju lögheimili hér á landi. Ákvæðin í 2. málsl. 4. greinar og í 5. grein eiga hér við með samsvarandi hætti.

9. gr.

Inn í lögina bætist ný grein, 9. grein b, svohljóðandi:

Ákveða má, með samningi við Danmörku, Finnland, Noreg og Svíþjóð, að eitt eða fleiri ákvæðanna í A.—C. hér á eftir, skuli fá gildi. Orðin norrænt samningsríki í greininni eiga við það eða þau ríki, sem gerður er við slíkur samningur.

A. Þegar beitt er 3. grein skal meta lögheimili í norrænu samningsríki til 16 ára aldurs til jafns við lögheimili hér á landi. Þó skal sá, sem hlut á að máli, hafa átt lögheimili hér á landi síðustu 5 árin, þegar yfirlýsing er gefin.

Þegar beitt er 4. grein skal meta lögheimili í norrænu samningsríki til 12 ára aldurs til jafns við lögheimili hér á landi.

Þegar beitt er 8. grein skal meta lögheimili í norrænu samningsríki í minnst 7 ár til jafns við lögheimili hér á landi.

B. Ríkisborgari í norrænu samningsríki, sem

1. hefur öðlast ríkisborgararétt þar með öðrum hætti en með lögum eða samsvarandi hætti,
2. hefur náð 18 ára aldri,
3. hefur átt lögheimili hér á landi síðustu 7 árin, og
4. hefur ekki á því tímabili verið dæmdur til refsivistar eða til að sæta öryggisgæslu eða hælisvist samkvæmt ákvæðum almennra hegningarlaga, öðlast íslenskt ríkisfang með því að tilkynna dómsmálaráðherra skriflega þá ósk sína. Ákvæði 5. greinar eiga hér við.

Sá sem misst hefur íslensks ríkisfangs, og hefur síðan óslitið verið ríkisborgari í norrænu samningsríki, öðlast ríkisfang að nýju með því að tilkynna dómsmálaráðuneytinu skriflega þá ósk sína, enda hafi hann þá fengið lögheimili hér á landi. Ákvæði 5. greinar eiga hér við.

10. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1982.

Barn, sem er fætt 1. júlí 1964 eða síðar, og hefði öðlast íslenskt ríkisfang, ef ákvæði 1. greinar 1. málsg. 1. tölul. hefðu verið í gildi við fæðingu barnsins, fær íslenskt ríkisfang er móðir þess gefur um það skriflega yfirlýsingu til dómsmálaráðuneytisins eigi síðar en 30. júní 1985, og þó því aðeins að móðirin sé íslenskur ríkisborgari, þegar yfirlýsingin er gefin, og barnið þá innan 18 ára aldurs. Til 31. desember 1982 má þó gefa slíka yfirlýsingu, þó að barn, sem fætt er á tímabilinu 1. júlí—31. desember 1964 sé orðið 18 ára, þá er yfirlýsingin er gefin. Barn, sem orðið er 15 ára þegar yfirlýsingin er gefin, þarf að lýsa samþykki sínu, svo að hún sé gild.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Þá er núgildandi lög um íslenskan ríkisborgararétt voru sett 1952, voru þau að innihaldi nánast samhljóða nýsettum (1950) lögum í skandinavísku löndunum þremur (Finnland bættist fyrst við 1968), með þeirri undantekningu, að ekki þótti rétt að lögfesta hér ákvæði 10. greinar laga hinna landanna, sem fjallaði um sérstöðu Norðurlandaborgara, gagnkvæmt, að því er öflun ríkisfangs varðar vegna fæðingar og dvalar ásamt ríkisborgararétti í hinu landinu, sbr. um þetta greinargerð með lagafrumvarpi 1952 (þskj. 31 A-237). Frá 1952 til 1968 var lögunum um ríkisborgararétt hvorki breytt hér á landi né á öðrum Norðurlöndum. — 1968 var ríkisborgaralögum skandinavísku landanna breytt (samkvæmt ábendingu í Sam. Þj. — samningi um að draga úr ríkisfangsleysi) á þá lund, að linað var á kröfum 3. greinar laganna um að fæðing og dvöl til a. m. k. 18 ára aldurs sé forsenda öflunar ríkisfangs samkvæmt 1. málsg. þeirrar greinar (ríkisfang með einhl. yfirlýsingu). Einnig var gerð smábreyting á 8. gr., fyrirvari vegna ríkisfangsleysis. — Ekki var þá hróflað við íslensku lögunum.

Það samstarf um setningu samsvarandi laga um ríkisborgararétt, sem skandinavísku löndin tóku upp 1946, og lauk með lagasetningunni 1950, átti sér vissulega fordæmishefð, bæði fyrir aldamót, er komið var á samstæðri löggjöf á þessu sviði á árunum 1888—98, svo og milli heimsstyrjaldanna er breytingar voru gerðar með samsvarandi hætti eftir sameiginlegan undirbúning. Áhuginn gekk jafnvel svo langt, eftir síðari heimsstyrjöldina, að talfært var, hvort ekki bæri að stefna að sameiginlegum ríkisborgararétti á Norðurlöndum. Þegar oki stríðsáranna var létt af, var samhugur mikill með mönnum á Norðurlöndum, svo ekki þurfti að undra, að hinar „rómantísku“ hugsjónir 19. aldarinnar gætu aftur skotið upp kollinum. Breytingar þær, sem endurskoðunin á ríkisborgaralöggjöfinni 1946—1949 leiddi til 1950 í Skandinavíu og 1952 á Íslandi, urðu ekki viðtækar. Þýðingarmesta breytingin sem gerð var, varðaði aðskilnað á ríkisfangsöflun eiginmanns og eiginkonu, þ. e. að hvort fyrir sig fengi ríkisfangið sjálfstætt, en ekki svo sem var í lögum, að ríkisborgararéttur eiginkonu fylgdi ríkisborgararétti eiginmanns. Þessara viðhorfa gætti fyrst í löggjöf í Bandaríkjum Norður-Ameríku 1922. Á Norðurlöndum höfðu einkum kvennasamtök hvatt til slíkra

breytinga á ríkisborgaralögum. Aðrar helstu breytingar á skandinavísku lögunum 1950 voru 1) heimild til endurheimtu ríkisfangs með einhliða yfirlýsingu fyrir þá, sem fæddir voru í landinu og höfðu átt lögheimili þar til 18 ára aldurs en höfðu eftir að hafa misst ríkisfangið, aftur átt lögheimili í landinu í 2 ár, og 2) áðurgreind samningsheimild um sérstöðu Norðurlandabúa með skyldum hætti.

Nýrra viðhorfa fór enn að gæta, eftir umfjöllun Sameinuðu þjóðanna, sem áður er getið, um ráðstafanir til að draga úr ríkisfangsleysi sem eftir umbyltingar stríðsins var orðið umfangsmeira úrlausnarefni en nokkru sinni fyrr.

Árið 1970 gerði Norðurlandaráð tvær samþykktir varðandi endurskoðun á ríkisborgaralögum á Norðurlöndum. Önnur varðaði ríkisfangsstöðu barna (einkum þegar faðir hjónabandsbarns væri útlendingur og barn fengi ekki ríkisfang innlendrar móður). Hin samþykktin var almennt um jafnstöðu kvenna og karla við öflun ríkisfangs með stjórnvaldsaðgerð (naturalisation). Það síðarnefnda hefur ekki beina þýðingu hér á landi, þar sem „naturalisation“ er ekki beitt í íslenski ríkisfangslöggjöf, sbr. stjórnarskrárákvæði (eins og í Danmörku). Að vísu er ríkisfangsöflun með einhliða yfirlýsingu svipaðs eðlis og „naturalisation“. Eftir gerð samþykta Norðurlandaráðs starfaði embættismannanefnd (frá innanríkisráðuneytunum í Danmörku, Finnlandi og Svíþjóð, en dómsmálaráðuneytinu í Noregi); tillögur komu 1976 (NU 1976:9) en fengu lítinn hljómgrunn (þóttu ganga of skammt). Í millitíð hafði Evrópuráð (1973) gert samþykkt um að bætt yrði réttarstaða barna í „blönduðum“ hjónaböndum að því er ríkisfang varðar. Önnur og ítarlegri samþykkt var gerð í Evrópuráði 1977. Einnig má geta þess, að orðin var breyting á ríkisfangslögum V-Þýskalands 1974, á grundvelli úrskurðar stjórnlagadómstóls, um það að það væri brot á stjórnarskrárákvæðum um jafnstöðu karla og kvenna að ríkisfang hjónabandsbarna réðist sérstaklega af ríkisfangi föður. Í Danmörku var borið fram frumvarp 1972 (af stjórnarandstöðu) sem ekki fékk framgang, en var sama efnis og þau lög um breytingu á lögum um ríkisborgararétt, sem lögfest voru 1978, eftir framkomnar hvatningar á fjölþjóðavettvangi sbr. framanritað. Síðan voru einnig sett lög í Noregi og Svíþjóð, með sama efni. Fjalla þessi lög fyrst og fremst um ríkisfang barna í „blönduðum“ hjónaböndum, þ. e. að þau fái við fæðingu og í upphafi með yfirlýsingu með afturvirkni, ríkisfang innlendrar móður, þótt þau jafnhliða haldi ríkisfangi erlends föður. Úr vandamálum tvöfalds ríkisfangs, sem óhjákvæmilega koma í auknum mæli upp við þessar aðstæður, er leyst með reglum um ákvörðunartöku eftir samræmdum reglum um lausn á þessu atriði á aldrinum 19—22 ára.

Eitt ákvæði í dönsku lögunum 1978 taka Norðmenn og Svíar ekki upp eins og Danir, en það er að ættleiðingu inna 7 ára aldurs á barni, sem er erlendur ríkisborgari, fylgi réttur, dönskum ættleiðendum þess til handa, að lýsa það til þess aldursmarks danskan ríkisborgara. Slík verkun ættleiðingar er í löggjöf Bretlands, Frakklands, V-Þýskalands, Hollands og Belgíu.

Sýnt þykir, að þjóðfélagsþróun hefur skapað þau viðhorf til breyttrar löggjafar, sem greint hefur verið frá hér að framan. Þykir einsýnt að tímabært sé að koma á hér á landi samsvarandi breytingum á lögum um íslenskan ríkisborgararétt. Hefur frumvarp um það efni því verið samið í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu.

Rétt þykir að telja hér upp þær lagabreytingar sem í frumvarpinu felast. Síðan verður gerð ítarlegri grein fyrir einstökum atriðum um hverja frumvarpsgrein. Á það skal bent, að í frumvarpinu og greinargerðinni eru jöfnum höndum notuð orðin „ríkisborgararéttur“ og „ríkisfang“, og hafa sem augljóst er sömu merkingu, en málblær ræður notkuninni. Fer um það með sama hætti í gildandi lögum. Þá skal vakin athygli á því, að sá kostur er tekinn, að merkja nýjar greinar með sömu tölum og fyrir eru og viðbótarbókstöfum, til þess að raska ekki, umfram nauðsyn, samsvörun sem fyrir er í greinatölum í hinum norrænu lögum um ríkisborgarétt.

Breytingar þær, sem frumvarpi þessu er fyrst og fremst ætlað að ná fram, á gildandi lögum um íslenskan ríkisborgararétt (nr. 100 23. desember 1952), eru þessar:

1. Eftir gildistöku frumvarpsins, ef að lögum verður, kemst á jafnstaða með körlum og konum, í því efni, að börn giftra foreldra leiða ríkisfang sitt jafnt frá móður sem föður. Segja má að þetta atriði hafi verið helsta kveikjan að gerð lagafrumvarpsins.
2. Jafnframt leiðir gildistökuákvæði í frumvarpinu, um afturvirkni framangreindrar reglu í afmarkaðan tíma, til þess að börn íslenskrar móður, sem eru fædd á síðustu 18 árunum fyrir gildistöku laganna, fá íslenskt ríkisfang ef hún gefur skriflega yfirlýsingu um þá ósk innan tiltekins tíma. Auk þess að gefa framangreindri reglu afturvirkni er þetta ákvæði til þess fallið, í sumum tilfellum, að börn íslenskrar móður, sem ekki eiga ríkisfang með henni, en e. t. v. fjarlægt ríkisfang föður síns, geti með eðlilegum hætti notið ríkisfangs í heimalandi sínu. Þannig mun hafa háttáð til um allmikinn fjölda barna á öðrum Norðurlöndum, og þar mun þessi regla væntanlega teljast annar höfuðtilgangur frumvarpsins. Þessa eru trúlega mun færri dæmi hér á landi.
3. Þá er tekin upp reglan eftir fyrirmynd dönsku laganna, um heimild ættleiðenda til að lýsa ættleitt erlent barn, undir 7 ára aldri, íslenskan ríkisborgara.
4. Tekin er upp í frumvarpið sú lagaregla, sem önnur Norðurlönd tóku upp 1968, samkvæmt tilmælum í alþjóðasamningi um að draga úr ríkisfangsleysi, með þeim tilteknu löggjafarráðstöfunum.
5. Loks er tekin inn í frumvarpið sú lagaregla, sem ekki var tekin upp hér á landi 1952, en gilt hefur milli Danmerkur, Noregs og Svíþjóðar frá 1950, að dvöl í einhverju hinna ríkjanna jafngildi, með ákveðnum hætti, dvöl í heimalandi, við öflun ríkisfangs.

Nánar verður gerð grein fyrir því hér á eftir, í athugasemdum við hverja einstaka grein, í hverju breyting er fólgin og rök fyrir henni.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Með breytingu þessarar greinar á 1. gr. gildandi laga um íslenskan ríkisborgararétt er komið á þeirri jafnstöðu karls og konu að skilgetið barn þeirra leiði jafnt ríkisfang sitt af ríkisfangi móður sem föður. Breytingin er í því fólgin, að í 1. tölulið 1. greinar gildandi laga segir að barn öðlist íslenskt ríkisfang við fæðingu „ef það er skilgetið og faðir þess er íslenskur ríkisborgari“. Ríkisfang móður skiptir þá ekki máli. — Hið breytta orðalag er „faðir þess eða móðir“.

Niður er felldur, samkvæmt frumvarpinu, 2. töluliður gildandi laga. Í honum felst undantekningarregla um að skilgetið barn leiði ríkisfang frá móður sinni við sérstakar aðstæður. Þessarar undantekningarreglu er ekki lengur þörf, þegar barnið allavega leiðir ríkisfang sitt frá móður.

3. töluliður gildandi lagagreinar verður 2. töluliður, en breytist ekki. Segja má að þar með skorti nokkuð á „jafnréttið“ á hinn veginn, þar sem faðir óskilgetins barns fær ekki sína réttarstöðu bætt. Það þarf væntanlega ekki verulegra útskýringa við, að það er öllu flóknara mál að móta nothæfa reglu um að óskilgetið barn leiði ríkisfang frá föður sínum við fæðingu. M. a. er engan veginn víst hvenær formlega er úr faðerni skorið að lögum, né að það verði yfirleitt upplýst.

Um 2. gr.

Þessi grein fjallar um nýja grein, 2. grein a, sem bætist inn í lögin og varðar ríkisfangsöflun erlendra barna, sem ættleidd eru af hjónum, sem bæði eru íslenskir ríkisborgarar eða af einstaklingi, sem er íslenskur ríkisborgari. — Á undanförunum árum hefur Alþingi, eftir að ættleiðingar á erlendum börnum fóru að tíðkast í mjög auknum mæli, verið mjög frjálslýnt í veitingu ríkisborgararéttar eftir umsókn ættleiðenda. Með tilliti til þess, svo og þess, að í

lögum allmargra landa er slík regla komin á, þykir hentugt að taka hér upp þá sömu lagareglu um þetta efni, sem komin er í dönsk lög svo sem áður getur. — Athygli er vakin á því, að öflun ríkisfangsins verður ekki sjálfkrafa við ættleiðinguna. Er með því móti unnt að draga úr því að hið erlenda ríkisfang barns haldist, þrátt fyrir veitingu ríkisfangsins, sem fyrst tekur gildi er staðfesting er gefin út. Lagaástandur í fyrra heimalandi geta valdið því, að þessi háttur geri niðurfellingu fyrra ríkisfangs mögulega.

Um 3. gr.

Breyting sú, sem með þessari grein er gerð á 1. málsg. 3. gr. gildandi laga miðar að því, að taka upp reglu sem Sameinuðu þjóða samningur frá 1961 (29. nóv.) um að draga úr ríkisfangsleysi skuldbindur þær þjóðir, sem undirrita hann til að slaka á lagareglum um rétt til að áskilja sér ríkisfang með einhliða yfirlýsingu þannig að ekki er áskilin fæðing og óslitið lögheimili til 21 árs eða 18 ára aldurs svo sem í Norðurlandalögnum frá 1950 og 1952. Eftir sem áður eru dvalarkröfurnar strangar þ. e. alls 10 ár áður en yfirlýsing er gefin, en hún verður ekki gefin fyrr en við 18 ára aldur og fyrir 23 ára aldur.

Um 4. gr.

Breyting þessarar greinar á 5. grein gildandi laga fjallar um með hverjum hætti barn fylgi ríkisfangi foreldris, sem aftar sér íslensks ríkisfangs. Er breytingin samræmd hinum nýju reglum um að skilgetið barn öðlist ríkisfang jafnt með móður sem föður. Raunar einfaldast greinin, þar sem 2. og 3. töluliður gildandi lagagreinar verða óþarfir.

Um 5. gr.

Vegna hinnar nýju reglu um að barn leiði ríkisfang sitt jafnt af ríkisfangi móður sem föður verður regla 4. töluliðs 7. greinar gildandi laga óþörf, þar sem reglur 3. töluliðs nægja við þá lagastöðu. Er 4. töluliður því felldur niður.

Um 6. gr.

Breytingin á 2. málsg. 8. greinar, um að bæta við orðunum: „nema þau við það verði ríkisfangslaus“ er gerð til að fullnægja bendingum í fyrirnefndum Sam.-þj. samningi til að draga úr ríkisfangsleysi. Atriðið hefur ekki mikla raunhæfa þýðingu, þar eð tilvikið mundi sjaldan koma fyrir.

Um 7. gr.

Málgrein sú, sem hér er bætt við, er tekin upp í samræmi við samþykkt Evrópuráðs frá 1977, þar sem m. a. eru tilmæli um að tekið verði slíkt ákvæði í lög ríkjanna um ríkisborgararétt, til þess að tryggja, vegna aukins fjölda þeirra, sem hafa ríkisborgarétt í tveimur ríkjum, sbr. það sem áður er sagt um það efni, að þeir, sem þannig er ástatt um, eigi rétt á að fá sig leysta undan ríkisfangi í öðru ríkinu.

Um 8. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru einnig, svo sem þau í næstu grein hér á undan, tekin upp í samræmi við tilmæli í Evrópuráðssamþykktinni frá 1977 (nr. 13) um ríkisborgarétt hjónabandsbarna. Þar sem ákvæði þessarar málgreinar eru sett ákveðin mörk með kröfunni um lögheimili síðustu 5 árin í dvalarríkinu, til þess að ákvæðin séu virk, skal bent á, að þar sem hér er um sjálfkrafa missi ríkisfangs að ræða, þykir þörf á skýrum og fremur þröngum mörkum, en að sjálfsgöðu á hlutaðeigandi þann rétt, sem honum er tryggður samkvæmt næstu grein hér á undan, með viðbótarákvæði við 9. grein laganna.

Ákvæði 3. og 4. málsgreinar þarfnast ekki frekari skýringa. Þau eru í samræmi við aðrar reglur laganna um fylgni barna við ríkisfang foreldra og heimild til endurheimtu ríkisfangs við búsetu í landinu að nýju.

Um 9. gr.

Með þessari grein eru tekin upp þau ákvæði, sem ekki þótti rétt að taka upp 1952, um gagnkvæman rýmri rétt Norðurlandabúa, sbr. það sem áður var sagt um það efni. Það er ljóst að breytingar þær, sem orðið hafa á ríkisborgaralöggjöf og viðhorfum til slíkra ákvæða, sem um ræðir í 3. grein hér að framan, gera að verkum að þau ákvæði, sem um 1950 þóttu nýstárleg eru það engan veginn lengur, miðað við breytingar samkvæmt 3. grein, sem upp voru teknar 1968 í Skandinavíu. Varð þá raunar að gera breytingar á innihaldi þessarar greinar hjá skandinavísku ríkjunum til þess að ákvæðin yrðu ekki, í neinum efnum, jafnvel þrengri en ákvæðin í 3. grein gagnvart öðrum útlendingum.

Um 10. gr.

Í þessari grein er, auk ákvæðisins um gildistöku laganna, ákvæði um að heimila að barn móður, sem er íslenskur ríkisborgari, geti fengið ríkisborgararétt er móðirin lýsir því yfir með þeim tiltekna hætti, og innan þeirra tímamarka sem þar greinir. Á það skal bent að móðirin verður að vera íslenskur ríkisborgari bæði við fæðingu barnsins og þegar yfirlýsingin er gefin, en ekki skiptir máli hvort hún hafi verið það allan tímann þar á milli. Afskipti föður af yfirlýsingunni er ekkert atriði um gildi hennar. Heldur ekki þarf hjónaband þeirra að vera við lýði. Það er ekki skilyrði að hún hafi forráð barnsins. Búseta í landinu er yfirlýsing er gefin er hvorki skilyrði um móðurina eða barnið. Hins vegar er skrifleg yfirlýsing barnsins gildisskilyrði, ef það er orðið 15 ára þegar móðirin gefur sína yfirlýsingu. Það mun eftir því sem vitað er um löggjöf annarra landa um ríkisborgararétt, yfirleitt ekki valda missi barnsins á ríkisborgararétti þess með föðurnum þótt yfirlýsing samkvæmt ofanrituðu sé gefin um íslenskan ríkisborgararétt þess, og það ekki heldur þótt það á aldrinum 15—18 ára lýsi sjálft samþykki sínu um öflun íslensks ríkisfangs.